

Mánudaginn 28. nóvember 1994.

Nr. 457/1994.

**Herborg Pálsdóttir**

gegn

**Sveinbirni Björnssyni**

Kærumál. Fjárslit milli hjóna. Frávísun frá héraðsdómi. Gjafsókn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 21. október sl. Er kærueheimild í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að „við eignaskipti vegna skilnaðar míns og kærða verði beitt helmingaskiptareglunni, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993“, – til vara, að varnaraðila verði gert að greiða sér 900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. febrúar 1994, en til þrautavara, að varnaraðila verði gert að greiða sér 700.000 krónur með vöxtum á sama hátt. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili, sem hefur fengið gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 12. september og 3. nóvember 1994, að þóknun lögmans síns fyrir flutning málsins í héraði verði ákveðin með dómi Hæstaréttar, en ekki sé getið um fjárhæð þeirrar þóknunar í hinum kærða úrskurði.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu af kröfum sóknaraðila og að dæmt verði, að fjárskipti milli þeirra fari eftir ákvæðum 104. gr. laga nr. 31/1993 á þann hátt, að íbúð í fasteigninni Hörgsholti 31 í Hafnarfirði og bifreiðin R-64229 af gerðinni Ford Sierra, árgerð 1985, komi í sinn hlut utan skipta með því skilyrði, að hann taki að sér veðskuldir, sem hvíla á íbúðinni. Til vara krefst varnaraðili lækkunar á varakröfu og þrautavarakröfu sóknaraðila og að vextir af þeim verði aðeins dæmdir frá 1. júlí 1994. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

## I.

Sóknaraðili beindi þessu máli til héraðsdóms með bréfi 2. júní 1994, sem fylgdu stefna og önnur sóknargögn. Í bréfinu greindi sóknaraðili meðal annars frá því, að fyrir stjórnvaldi lægi umsókn um leyfi handa málsaðilum til skilnaðar að borði og sæng, en ágreiningur væri milli þeirra um fjárslit, þar sem varnaraðili teldi, að beita ætti 104. gr. laga nr. 31/1993 um þau, en sóknaraðili teldi þau eiga að ráðast af ákvæðum 103. gr. laganna. Um heimild til að leita dómsúrlausnar um ágreining aðila um fjárslitin vísaði sóknaraðili í bréfi sínu til 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991.

Í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991 er mælt fyrir um heimild hjóna til að leita úrlausnar um ágreiningsatriði varðandi fjárslit milli þeirra vegna hjónaskilnaðar eða ógildingar hjúskapar í sérstöku dómsmáli, sem verður rekið eftir reglum XVII. kafla laganna, þótt opinber skipti fari ekki fram til fjárslita. Í ákvæðinu er tekið fram, að þessi heimild sé háð því, að leysa megi úr sömu ágreiningsatriðum í máli samkvæmt 122. gr. eða 2. mgr. 124. gr. laga nr. 20/1991, ef opinber skipti færu fram, auk þess að hjónin þurfa að vera sammála um að fara þessa leið til að leita dómsúrlausnar.

## II.

Mál þetta hefur ekki verið lagt fyrir með þeim hætti, að framangreindum skilyrðum 2. mgr. 125. gr. laga nr. 20/1991 sé fullnægt. Er þá meðal annars til þess að líta, að ef opinber skipti færu fram til fjárslita milli aðilanna, væri ekki unnt að sækja dómsmál með svo óafmörkuðum kröfum sem sóknaraðili gerir í þessu máli, sbr. einkum 112. og 122. gr. laganna. Þá skortir einnig á, að báðir málsaðilar hafi lýst yfir með skýlausum hætti, að þeir óski eftir að leita dómsúrlausnar um ágreining sinn eins og hér er gert.

Að auki er sá meginannmarki á málinu, að sóknaraðili hefur ekki gert nægilega grein fyrir því, hvort annar aðilanna eða þeir báðir eigi eignir umfram skuldir, sem geti komið til skipta á milli þeirra við fjárslit, sbr. einkum 3. og 4. mgr. 109. gr. laga nr. 20/1991. Sóknaraðili hefur að vísu við meðferð málsins fyrir Hæstarétti lagt fram verðmat fasteignasala á íbúðinni að Hörgsholti 31, en afstaða varnaraðila til þessa mats liggur ekki fyrir. Þá skortir einnig viðhlítandi upplýsingar um verðgildi annarra eigna aðilanna og fjárhæð

skulda þeirra. Meðan óvíst er um þessi atriði liggur ekki fyrir, að hvaða verðmætum kröfur sóknaraðila geti beinst. Brestur því skilyrði til að fella dóm um ágreining málsaðila, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður ekki komist hjá því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

### III.

Sóknaraðili hefur, sem áður segir, fengið gjafsókn í málinu, og greiðist gjafsóknarkostnaður hennar í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði. Í hinum kærða úrskurði hefur farist fyrir að ákveða umboðsmanni hennar þóknun vegna flutnings málsins fyrir héraðsdómi, en eins og atvikum er háttað, þykir þóknunin hæfilega ákveðin 40.000 krónur. Sóknaraðili undirritaði sjálf kærðu í málinu, en greinargerð var ekki lögð fram í því af hennar hálfu fyrir Hæstarétti. Verður því að líta svo á, að hún hafi flutt mál sitt sjálf fyrir Hæstarétti, og verður henni ekki ákveðin þóknun úr ríkissjóði fyrir það í skjóli gjafsóknar.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, Herborgar Pálsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun umboðsmanns hennar í héraði, 40.000 krónur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. október 1994, var höfðað 1. júlí 1994 fyrir dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur og málið þá þingfest.

Sóknaraðili er Herborg Pálsdóttir, kt. 100942-4539, Langholtsvegi 57, Reykjavík.

Varnaraðili er Sveinbjörn Björnsson, kt. 090642-2789, Hörgsholti 31, Hafnarfirði.

Aðalkrafa sóknaraðila er sú, að við fjárslit vegna skilnaðar aðila verði helmingskiptareglu beitt, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Til vara gerir sóknaraðili þær kröfur, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu 900.000 kr. með dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1994 til greiðsludags, til þrautavara, að varnaraðili verði úrskurðaður til greiðslu 700.000 kr. með dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1994, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þá krefst sóknaraðili þess, að úrskurðað verði, að dráttarvexti í vara- og þrautavarakröfu skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. febrúar 1995.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar auk virðisaukaskatts að mati dómsins, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.

Varnaraðili gerir þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðila og að um fjárskipti milli sín og sóknaraðila vegna hjúskaparslita fari skv. 104. gr. laga nr. 31/1993, þannig, að fasteignin að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, eignarhluti M-0302, og bifreiðin R-64229, Ford Sierra, árgerð 1985, komi í sinn hlut utan skipta, enda taki varnaraðili að sér greiðslu veðskulda, er á fasteigninni hvíla. Jafnframt krefst varnaraðili málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi úrskurðar til greiðsludags. Þess er einnig krafist, að dráttarvextir, sem falla á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

#### *Málavextir.*

Málavextir eru þeir, að aðilar hófu sambúð sína í byrjun árs 1991 og gengu í hjúskap 30. desember 1992. Þau slitu samvistir 25. febrúar 1994. Varnaraðili fór fram á skilnað að borði og sæng hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 30. mars sl., sem sóknaraðili samþykkti 14. apríl sl.

Hinn 8. janúar 1992 var keypt íbúð að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, og er eignin þinglesin eign varnaraðila. Kaupverð var 6.325.000 kr. Bifreiðin R-64229, Ford Sierra, var keypt 21. janúar 1992. Kaupverð hennar var 340.000 kr. Bifreiðin er einnig skráð á nafn varnaraðila.

Aðilar voru tvö í heimili, og námu tekjur sóknaraðila árið 1992 596.778 kr. og árið 1993 632.752 kr. Tekjur varnaraðila árið 1992 námu 1.905.946 kr. og árið 1993 2.199.884 kr. Eignir búsins voru samkvæmt skattframtali fyrir árið 1994 4.270.000 kr., en skuldir 4.601.306 kr.

— — —

#### *Niðurstaða.*

Eignir þær, sem tilgreindar eru í skattframtali ársins 1994 og um er deilt í máli þessu, eru fasteignin að Hörgsholti 31, Hafnarfirði, og bifreiðin

R-64229. Varnaraðili er þinglesinn eigandi íbúðarinnar og skráður eigandi bifreiðarinnar. Eignir þessar eru því hjúskapareignir hans.

Sóknaraðili hefur gert þá aðalkröfu, að við fjárslit vegna skilnaðar verði beitt ákvæðum 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, en það lagaákvæði kveður á um, að hvor maki um sig eigi tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins, nema annað leiði af ákvæðum laga. Samkvæmt 100. gr. hjúskaparlaga er það skír eign, sem til skipta kemur við fjárslit hjóna, þ. e. eignir að frádregnum skuldum, sbr. 109. gr. og 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Í 109. gr. þeirra laga kemur fram regla um, hvernig ákvarða skuli, hvað hvor aðili um sig eigi að fá í sinn hlut við fjárslit, þ. e., að lagt skuli saman varðandi hvorn þeirra um sig verðmæti eigna, sem tilheyra honum einum, og verðmæti hlutdeildar hans í því, sem hann á í sameign með gagnaðila. Frá þessari heildareign hvors um sig skuli síðan dregin fjárhæð skulda, sem beinast að hvorum þeirra, ásamt hlutdeild hvors í sameiginlegum skuldum. Samkvæmt fram lögðu skattframtali fyrir árið 1994 var verðmæti eigna varnaraðila 4.270.000 kr., en ekki hafa verið lögð fram önnur gögn um verðmæti eigna hans. Með hliðsjón af framburði aðila fyrir réttinum sem og fram lögðu skattframtali ársins 1994, er ljóst, að skuldir, sem varnaraðili ber ábyrgð á, eru umfram verðmæti eigna hans. Er því ljóst, að ekki er um neina skíra hjúskapareign að ræða, sbr. 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, sem maki getur átt helmingstilkall til. Þegar af þeirri ástæðu verður af hafna öllum kröfum sóknaraðila. Af sömu ástæðu verður ekki fjallað um, hvort 104. gr. hjúskaparlaga kemur til álita við ágreiningsefni þetta.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir þó rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Herborgar Pálsdóttur, er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

---